

1870.

21. oktbr.

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stíptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.

Í bræfi 16. ágúst þ. á. hafið þér, herra stíptamtmaður, skýrt frá, að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi farið þess á leit, að þeim sex leiguliðum á jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkva-
bæjar klausturs góz, verði veitt sú linun í jarðarafgjaldinu um 5. næstkomandi ár, frá fardögum 1870 til fardaga 1875, sem hér skal greind, af því, að tæðri jörð ár frá ári færi hnignandi sökum áfalla af sandfoki:

1. Vilborgu Stígsdóttur, sem situr á fjórða parti jarðarinnar, og greiðir í landskuld 40 álnir: 20 álnir á 8 sk. alin hverja, og 20 álnir eptir meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinna, veitist linun um 10 álnir.

2. Guðmundi Eyjólfssyni, sem hefir áttung af jörðunni og greiðir í landskuld 20 álnir, reiknaðar eins og getið er að framan, linun um 5 álnir.

3. Eyjólfí Jónssyni, er sömuleiðis hefir áttung, fyrir 20 álna afgang, reiknað eins og að framan, linun um 5 álnir.

4. Runólfi Stephanssyni, sem býr á áttunda parti og geldur í landskuld 15 álnir: helminginn á 8 sk. hverja alin, en hinn helminginn samkvæmt meðalverði á ull, smjöri og tólg, veitist sú linun, að þetta gjald, sem síðast var nefnt, verði greidd samkvæmt meðalverði allra meðalverða.

5 og 6. B. Sverrissyni og S. Sveinssyni, sem búa á jafnmiklum parti af jörðunni og Runólfur Stephansson og með sömu kjörum, veitist linun uppá sama hátt.

Af því, að þessi lækkun á afganginu, sem að eins nær 3 rd. 48 sk., er lítil í samanburði við rýrnun jarðarinnar, þótt það virðist svo, sem ábúendurna muni um hana eptir kjörum þeirra, og hún geti ef til vill komið því til leiðar, að jörðin fyrst um sinn verði byggð fyrir viðunanlegt afgang eptir því, sem gjöra er, hafið þér, herra stíptamtmaður, mælt fram með því, að stjórnarráðið fallist á uppástungu umboðsmannsins.

Útaf þessu gefst yður hérmeð til vitundar, yður til leiðbein-

ingar og svo þær birtu það, að stjórnarráðið eptir atvikum hefir ekki neitt á móti því, að samþykka þessa uppástungu.

1870.

21. oktr.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um óspektir enskra fiskimanna.

21. oktr.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað útskrift af prófi, sem haldið var við lögreglurétt þingeyjar-sýslu 22. júním. þ. á., og má sjá af því, að enskir fiskimenn frá Grimsby hafa rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie* frá *Boulogne*, sem strandaði þar í sýslu í fyrra, eins og utanríkis-málastjórninni mun kunnugt vera.

Með því það vill nú til ekki allsjaldan í norður- og austur-umdæminu, að enskir sjómenn sýna af sér slíkar óspektir og óeirðir, hefir amtmaður ennfremur, um leið og hann í þessu efni skírskotar til þess, er enskir sjómenn rændu frakkneska fiskiskipið *Emilie*, sem síðast var getið um í bréfi voru til utanríkisstjórnarinnar 10. ágúst þ. á., stungið uppá því, að samningar verði gjörðir við ensku stjórnina, til þess að komizt verði hjá þessum óspektum eptirleiðis.

Útaf þessu, og sérstaklega samkvæmt innihaldinu í bréfi utanríkisstjórnarinnar 15. nóvbr. f. á.¹, sendum vèr til afnota útskrift af prófinu, snúna á Dönsku.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning á fátæklingi.

25. oktr.

Í bréfi 23. júní þ. á. hafði þær, herra amtmaður, samkvæmt beiðni hins setta sýslumanns í Mýra- og Hnappadalssýslu, skotið til

¹) Í þessu bréfi hafði utanríkisstjórnin mælt til, að fá vitneskju um óspektir og spillvirki enskra fiskimanna á Íslandi.